

- 80 XL. Að taka lán allt að 4 millj. kr. til byggingar fiskeldisstöðvar.  
 23. des. XLI. Að kaupa hluta úr jörðinni Kollafirði eða jörðina alla, eftir því sem um semst, eða aðra jörð, sem henta þykir, til að byggja þar fiskeldisstöð. Enn fremur að taka á leigu eða kaupa, eftir því sem um semst, rétt til að nota allt það vatn, sem slík stöð þarfnast.

## 23. gr.

Auk þeirra uppbóta, sem greiddar voru á árinu 1959 á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara og lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og greiddar skulu framvegis, eftir því sem við getur átt, er heimilt að greiða sérstaka uppbót til elli-, örorku- og ekkjulífeyrisþega sjóða þessara.

Uppbót þessi má nema allt að 20% af lífeyrsgreiðslum og greiðslum skv. 18. gr. fjárlaga, þó ekki meira en 500 kr. á mánuði fyrir hvern lífeyrisþega. Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir greiða uppbót þessa gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

Slika uppbót er og heimilt að greiða öðrum þeim, sem njóta greiðslna samkv. 18. gr. fjárlaga, úr lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, enda eigi þeir ekki rétt á samsvarandi bótahækkun samkvæmt lögum um almannatryggingar.

## 24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1961 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

*Gjört að Bessastöðum, 23. desember 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

81  
20. des.

## FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 81. löggjafarþings, frá 20. desember 1960, eða síðar, ef fundir dragast, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 16. janúar 1961.

*Gjört að Bessastöðum, 20. desember 1960.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Ólafur Thors.*